



# GRÝTUBAKKAHREPPUR

Túngötu 3 – 610 Grenivík – Sími 414-5400  
www.grenivik.is

Matvælaráðuneytið  
b.t. Jóns Práandar Stefánssonar  
Borgartún 26  
105 Reykjavík.

Grenivík, 6. febrúar 2025.

Tilv.: MAR25010139

Varðar byggðakvóta til Grenivíkur.

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps tók erindið fyrir á fundi sínum 3. febrúar 2025 og bókaði eftirfarandi undir dagskrárlíð nr. 5:

**„5. Frá matvælaráðuneyti, úthlutun byggðakvóta, dags. 22. jan. 2025.**

Með bréfi Matvælaráðuneytis dags. 22. janúar 2025, er boðuð úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2024/2025 ásamt eftirstöðvum frá fiskveiðiárinu 2023/2024 og koma 161,178 þorskígildistonn í hlut Grýtubakkahrepps. Jafnframt er óskað eftir sérreglum sveitarstjórna og bókar sveitarstjórn Grýtubakkahrepps eftirfarandi er varðar sérreglur við úthlutun byggðakvóta í sveitarfélaginu;

Þar sem afla Grenivíkurbáta er almennt landað annarsstaðar og ekið til vinnslu á Grenivík, samþykkir sveitarstjórn að eftirfarandi sérreglur gildi um úthlutun byggðakvóta hreppsins:

1/3 hluta kvótans skal deila jafnt milli þeirra skipa sem sækja um byggðakvóta og eiga heimahöfn í Grýtubakkahreppi.

2/3 hlutum kvótans skal skipta í hlutfalli við úthlutað aflamark sömu skipa fiskveiðiárið 2024/2025

Að öðru leyti fer eftir reglugerð um úthlutun byggðakvóta nr. 818/2024 og lögum um stjórn fiskveiða.“

Þessu er hér með komið á framfæri. Vinsamlegast hafið samband ef frekari upplýsinga er óskað.

Meðf. er einnig útfyllt eyðublað það er ráðuneytið sendi með erindinu.

Með bestu kveðjum,

  
Þröstur Friðfinnsson, sveitarstjóri